

Upplýsingar um Alþjóðþing Lions 2021

IPIP Guðrún Yngvadóttir, Formaður Alþjóðahjálparsjóðs Lions

Spennandi rafrænt þing

Vegna COVID-19 verður Alþjóðþing Lions „LCICon“, sem vera átti í Montreal, haldið rafrænt 25.-29. júní 2021. Björn fjölumdæmisstjóri, eins og aðrir Lionsleiðtogar heimsins, vill hvetja til þátttöku; að Lions á Íslandi fylgist með, taki þátt í kosningum, leggi sitt lóða á vogarskálarnar; og síðast en ekki síst að njóta saman. Lionsþing er bæði uppskeruhátíð, þar sem við fögnum saman og undirbúningur fyrir næsta ár og framtíðina.

Skráningargjald

Skráningargjald er 50 dollarar til 30. apríl, en eftir það 75 dollarar. Áður hafði verið auglýst að snemmskráningu lyki 31. mars, en hefur verið framlengd, svo hægt er að skrá sig út apríl á lága gjaldinu. Í fyrstu viku í apríl þurfum við að segja tæknifyrirtækinu sem setur upp þingið okkar, hvað við ættum von á mörgum, hversu viðamikili þingið yrði; við þurfum vísbendingu til að gera áætlanir.

Fjölmennt þing

Í byrjun apríl eru rúmlega 12.000 skráðir, þar af 11 frá Íslandi. Þetta er svipaður fjöldi og er skráður í apríl árlega, en aðeins minna en hefur verið undanfarin þrjú ár, þar sem Mílanó, Las Vegas og Chicago voru fjölmennari en meðalþing. Reiknað er með 20.000 manns á þetta rafræna þing. (20. apríl eru 13.000 skráðir).

Magnafsláttur?

Þeir sem skrá sig á netinu, sjá að þar er hægt að skrá einn féлага eða hópa. Margir hafa spurt hvort hægt sé að fá magnaafslátt, ef skráður er fjöldi í hverju umdæmi eða fjölumdæmi. Hópaþingaleikinn er fyrir „fyrirtæki“ sem hafa samninga við LCI og sjá um hópaskráningar, allan þakann, þar með talið vegabréfsáritanir. EN..

Klúbbar mæti saman

Hins vegar er opið fyrir „samninga“. Það eru mörg dæmi um lönd sem hafa boðið t.d. öllum klúbbformönnum og borgað fyrir þá, ásamt umdæmisstjórnnum sínum; þeir hafa geta samið um magnaafslátt. Ef Íslenskir Lionsleiðtogar vilja kanna slíkt, er gott að gera það fljótlega. Gaman væri að hópar nýttu þetta tækifæri saman. Til að geta kosið og tekið þátt í viðburðum þarf að skrá sig, greiða skráningargjaldið og gefa upp netfang.

Fjölbreytt dagskrá

Við hvetjum sem flesta til að taka þátt og upplifa fjölbreytta viðburði þingsins, þar á meðal að hlusta á leiðtogana okkar og gestafyrirlesara. Fara á námskeið, búa sig undir næsta starfsár, fá nýjar hugmyndir og læra um ný verkefni. Að njóta skemmtiatriða sem eru á heimsmælikvarða. Heimsækja sýningarhöllina, kíkjá í sýningarbásana, hitta starfsfólk og féлага, taka þátt í gangvirkum viðburðum og kynna nýjungum.

Malala Yousafzai

Í ár er séstakur heiður að geta kynnt einstakan ræðumann sem hefur veitt heiminum innblástur. Það eru ekki margar ungar konur sem hafa lifað af morðtilraun eða orðið yngsti friðarverðlaunahafi Nóbels, aðeins 17 ára gömul. Jafnvel með öllum afrekum sínum telur Malala sig ekki neitt óvenjulega. Með stolti bjóðum við Malala Yousafzai frá Pakistan velkomna á LCICon 2021.

Skrúðganga þjóðanna

Vinsælasti viðburður á hverju alþjóðþingi er skruðganga þjóðanna, þar sem mikil stemning ríkir. Lionsfélagar mæta í einkennis- eða þjóðbúningum, bera þjóðfána með stolti, syngja og dansa. Núna verður söguleg, fyrsta rafræna skruðganga Lions. Þáttökulöndin senda myndbönd af sinni skruðgöngu sem útbúin er heima fyrir og kynna sig með stolti. Þetta er fyrst og fremst til að gefa Lionsfélaögum tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt saman. Við tókum áskorun og á Íslandi var farið í skruðgöngu bæði á Akureyri og í Reykjavík. Okkur fannst rosalega skemmtilegt að hittast, spjalla og klára þetta vandasama verkefni.

Norræn skruðganga

Björn Hägerstrand „Scandinavian Coordinator“ stjórnaði undirbúningi norrænu skruðgöngunnar, en Antti Forsell í Finnlandi setur saman myndbandið; en hann stjórnaði með glæsibrag síðasta NSR, sem var rafrænt. Norðurlöndin eru í lykilhlutverki í skruðgöngunni, mjög snemma, sem tryggir áhorf (og heimsfrægd). Ísland, sem land fráfarandi forseta er næst á eftir Kóreu, landi Choi núverandi forseta. Öllum myndböndum er steypt saman í eitt myndband, þannig hægt er að horfa á skruðgöngu þjóðanna (næstum) eins og venjulega.

Keppt í Frumleika

Vegna samkomutakmarkana var sums staðar erfitt að vera með skruðgöngur. Íslendingar gerðum þetta stórglæsilega, klædd í norræna skruðgöngubúninginn eins og til var ætlast. Norðmenn voru með glæsilega skruðgöngu, allir í þjóðbúningum, með fána og spjöld sem kynntu framboð Svein Berntsens til 3. varaforseta.

Svíar gátu bara verið með tveggja manna skrudgöngur, svo umdæmisstjórahjón gengu hver á sínum stað. Danir gátu ekki gert nett og Antti notaði myndir af þeim í eldri skrudgöngum og bjó til 20 sekúnda þátt. Finnar voru líka að gefast upp, en á endanum gátu félagar í Norður Finnlandi notað eina af hugmyndum sem Antti hafði komið með í upphafi að allir kæmu inn með „faratækjum“ sem rímaði við þeirra forna ferðamáta, t.d. Íslendingar á hestum, Norðmenn á gönguskíðum. Í skrudgöngunni koma Finnar á skíðasleðum.

Keppnisflokkar

Þjóðirnar geta keppt til verðlauna í 6 flokkum, sem eru: 1) Sviðsetning eða framsetning t.d. dans og hreyfingar. 2) Tónlist: Söngur og hljóðæraleikur. 3) Búningar: Litríkir þjóðbúningar og stílhreinir einkennisbúningar. 4) Frumleiki: Nú er hægt að fara nýjar leiðir, gera eitthvað sem ekki er hægt venjulega. 5) Bakgrunnur: Einkennandi bakgrunnur, landslagi eða byggingum sem lýsir heimalandinu. Norðurlöndin munu keppa í flokki 4, FRUMLEIKA, en ekki flokki 3 eins og venjulega.

Dagskrá

- 1) Föstudagur 25. júní:** DGE-námskeið fjórði og síðasti dagur. Sýningarsalir opnaðir. Fundir um framboð og kosningar. Lions námskeið, LionsVERSLUN opin.
- 2) Laugardagur 26. júní:** Skrudganga þjóðanna, Upplýsingafundur um kosningar, framboð og lagabreytingar. Sýningarsalir og námskeið.
- 3) Sunnudagur 27. júní:** Opnun, fyrsti þingfundur: Fánahylling. Forseta-ræða. Kynningu á friðarveggspjaldi Lions-námskeið, LCIF-kvöld. Atkvæðagreiðsla hefst **kl. 08:00 CDT (Chicago-tími)**,
- 4) Mánudagur 28. júní:** Annar þingfundur: LCIF, Aðalræðumaður Malala. Sýningarsalurinn, atkvæðagreiðsla, námskeið. „Lions Roar Night“ skemmtikvöld sbr. Boð alþjóðaforseta.
- 5) Þriðjudagur 29. júní:** Lokahátíð, þriðji þingfundur. Atkvæðagreiðslu lýkur **kl. 08:00 CDT (Chicago-tími)**, Niðurstöður kosninga. Campaign-100. Nýr forseti settur í embætti. Umdæmisstjórar sverja embættiseiði.

Kosning um 3. varaforseta

Mjög mikilvægar kosningar verða á alþjóðþinginu, núna í fyrsta sinn rafrænar og hugsanlega með meiri þátttöku en venjulega. Sjö frambjóðendur bjóða sig fram til 3. varaforseta, þar af Fabricio Oliveira frá Brasilíu, sem studdur er af alþjóðastjórn og alþjóðaforsetum. Þeir munu draga framboð sitt til baka, þar með talið Svein frá Noregi, allir nema Rozane Teresinha frá Brasilíu. Hún mun vera með mótframboð, sem er ekki góð leið til að sameina Lions í Rómönsku Ameríku, né heimsins. Hún beitir ekki alveg heiðarlegum aðferðum og hvetjum við alla til að kjósa Fabricio og láta ekki blekkja sig til neins annars. Ykkar stuðningur skiptir verulegu máli.

Kosið um fleira? JÁ

Á alþjóðastjórnarfundum sem lauk í vikunni, var tekin ákvörðun um hvaða lagabreytingar verða lagðar fram og hvaða nýjungar kynntar. Meðal annars þetta:

Aðlögun alþjóðagjalda? Áður hafði verið samþykkt að lögð yrði fram tillaga um aðlögun (hækkun) alþjóðagjalda á þinginu í Singapore 2020. Þegar það þing féll niður var ákveðið að kosið yrði um tillöguna í Montreal 2021. Og þegar því þingi var breytt í rafrænt áttu tillögurnar að vera þar. Tillagan er um 7 dollara hækkun á þremur árum, eða 2 dollarar tvisvar sinnum og einu sinni 3 dollarar. Á fundi alþjóðastjórnarfundar í vikunni var ákveðið að ekki verði greitt um þessa breytingu á rafræna þinginu í sumar, þ.e. **frestað** til þings 2022.

Forkröfur umdæmisstjóra: Lengi hefur verið talað gegn því, að fyrrverandi umdæmisstjórar bjóði sig fram aftur. Reynslan er sú að „endurunnir“ umdæmisstjórar hafa almennt neikvæð áhrif starfið, þróun félagamála og leiðtogaþjálfun. Sterkari leið er að þjálfar upp nýja leiðtoga á öllum sviðum. Til að gefa kost á sér í starf umdæmisstjóra þarf að hafa gengt ákveðnum embættum, verið ákveðinn árafjöldi í klúbbsjórn og umdæmisstjórn. Nú hefur verið ákveðið að ein af kröfunum sé að viðkomandi megi ekki hafa gegnt embætti umdæmisstjóra áður. Breytingin tekur gildi að tveimur áum liðnum, til að umdæmi geti aðlagast breytingunni.

Alþjóðþingið Delhi 2022?

Ein spurning sem allir spyrja núna, verður þingið í Delhi eða ekki? Vegna mikillar útbreiðslu COVID-19 á Indlandi er komin ný staða vegna undribúnings þingsins 2022. Margar hópar hafa tilkynnt að þeir muni ekki sækja þingið í Delhi, óttast að ástandið verði ekki öruggt, að ekki verði búið að ná tókum á heimsfaraldrinum. Verið er að byggja nýja ráðstefnuhöll og breyta Delhi í stærstu og bestu ráðstefnuborg í Asíu, en framkvæmdir ganga ekki samkvæmt áætlun. Varaplanið er að nota eldri ráðstefnuaðstöðu, sem mun duga. Spurningin um að fresta þinginu í Delhi er háð ýmsum skuldbindingum. Nú er rætt við ráðstefnuhaldara í Delhi og Montreal til að skoða möguleika á breytingum 2022 og 2028. Niðurstaðan verður kynnt á þinginu í júní 2021/ LCIcon2021.

„**ONE Lion**“: Á þinginu verður kynnt Framtíðarstefnumótunin, sem ég sagði frá á fyrsta fundi fjöllumdæmisráðs í haust, og því til viðbótar má helst nefna að unnið hefur verið mikið með markaðssetningu og kynningarmál. Hresst er upp á vörumerkið okkar (brand), en ekki Lions-merkinu sem slíku, sem nú verður:

Lions International - Þjónar heimi í neyð. Takið eftir breytingunni „Lions International“, þar er tekið burtu „Clubs“ úr miðjunni, en í mörgum löndum hefur þetta verið gert nú þegar, þykir þjálfa.

Í seinni hluta af vörumerkinu, en þjónustupátturinn afmarkaðri. Fram til þessa höfum við notað: We Serve“ = „Við leggjum lið“. Við þurfum að skoða vel hvernig þetta hljómar best á okkar máli, stutt, lipur skírskotun. LCI og LCIF munu samræma kjörorð, einkunnarorð, verkefni og framtíðarsýn (slogan, motto, mission og vision). Góð stefna mun skilgreina áfangastað okkar. Frábær áætlun mun sjá til þess að við komumst þangað.

Alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF Campaign 100

LCIF – Sjóðurinn okkar verður áberandi á þinginu. Það verður sérstakur dagskrárliður sem mun draga fram störf sjóðsins, á mjög myndrænan og skemmtilegan hátt. Það verður tekið við framlögum í beinni og það verða veittar viðurkenningar fyrir árangur á árinu. Það verða skemmtiatriði inn á milli - við allra hæfi, flott dagskrá.

Sendu inn myndband, segðu frá

Á vefsíðu LCIcon2021 er kynntar skemmtilegar leiðir til að virkja Lionsfélaga heima fyrir. Hvatt til að senda myndbönd. Annars vegar 1) Sýndu okkur og segðu frá verkefni “The Service Project Showcase”. Hins vegar 2) Segðu heiminum frá reynslu þinni “Tell the world about your experience” og svaraðu nokkrum spurningum. Taktu þátt vertu virkur félagi. <https://lcicon.lionsclubs.org/submit/>

Hvernig ætlum við að taka þátt SAMAN?

Við getum tekið þátt saman, sem klúbbar, svæði, umdæmi, fjölskyldur og vinir. Fögnum árangri þessa árs saman. Undirbúum næst ár saman. Lærum margt nýtt saman. Tökum ákvörðun og kjósum saman. Njótum frábærra fyrirlesara og skemmtiatriða saman.

Alþjóðlegu upplifun

Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá sem ekki hafa haft tíma eða heilsu eða ráð til að ferðast yfir hálfan hnöttinn til að njóta alþjóðþinga. Þó að það séu vonbrigði að geta ekki haldið þing með hefðbundnum hætti, er gaman að geta boðið Lionsfélögum að njóta rafræns alþjóðþingsins, sem fræðir, hvetur og tengir Lionsfélaga um allan heim með öruggum hætti. Nánari upplýsingar: <https://lcicon.lionsclubs.org/>